

Til **Jóna Fanney Friðriksdóttir, formaður Leiðsagnar – Félags leiðsögumanna**

Dags **10/10-2023**

Efni **Ágreiningur og ósætti vegna samskipta við stjórnarmann**

ÞAÐ HELSTA

Staðan

- › Vantraust og óvild ríkir milli aðila innan leiðsagnar.
- › Ásakanir byggðar á tortryggni um heilindi ganga á víxl.
- › Hugleiða þarf vandaðri leiðir til að ræða viðkvæm mál um félagið.
- › Lítil samlíðan virðist á milli aðila.

Tillögur

- › Einlægt framlag allra þarf til að ná sáttum.
- › Aðilar¹ ræði hvernig hætta megi því sem grefur undan góðu samstarfi.
- › Unninn verði sáttmáli um samskipti innan Leiðsagnar.
- › Hlutverk innan stjórnar verði skýrð betur, sem og væntingar til þeirra.

Ábendingar

- › Fjölskyldutengls stjórnarmanns við starfsmann eykur viðkvæmni.

Í júní 2022 veitti þáverandi stjórn Leiðsagnar einum stjórnarmanna (Guðný Margrét Emilsdóttir, GME) áminningu vegna „ítrekaðra kvartana undanfarin misseri og mánuði um samskipti við annað fólk sem sinnir trúnaðarstörfum fyrir félagið“ og vegna „margítrekaðra atvika þar sem viðkomandi hefur reynt að ala á tortryggni í garð starfsmanns leiðsagnar (Ragnheiður Ármannsdóttir, RÁ).²“

Núverandi stjórn félagsins felldi áminninguna úr gildi á fyrsta fundi sínum 13. maí sl. á þeim grunni að ekki hafi verið heimild í lögum Leiðsagnar fyrir slíkri áminningu og með þeim orðum að fá fagaðila til að „leysa togsteituna og ná sáttum.“

Formaður Leiðsagnar leitaði til undirritaðs um að aðstoða við úrlausn mála. Í samantektinni er að finna tillögur til úrbóta að loknum viðtöl við þrjá aðila, og skoðun viðeigandi gagna.

Verkefnið

Markmiðið er að skilgreina leiðir sem leitt geta til sátta á milli aðila málsins. Lagt var upp með að undirritaður ræddi við þrjá aðila málsins, skoðaði helstu gögn sem hefðu orðið til vegna þess og skilaði af sér tillögum til úrbóta.

Rætt var við (í dagsetningarröð):

- 1 Ragnheiði Ármannsdóttur (RÁ) starfsmann á skrifstofu Leiðsagnar 16/6-2023.
- 2 Snorra Stein Sigurðsson (SSS) varaformann stjórnar Leiðsagnar 16/6-2023.

¹ Stjórn, trúnaðarráð og starfsmaður.

² Úr áminningu til GME 22.06.2022.

3 Guðný Margréti Emilsdóttur (GME) *gjaldkera stjórnar Leiðsagnar 27/6-2023.*

Auk þess voru eftirfarandi gögn skoðuð (sjá meðfylgjandi í viðauka, fyrir utan lið 4):

4 Tölvupóstsamskipti RÁ og GME vegna upptöku á aðalfundi 2022.

5 Fundargerðir stjórnar og fulltrúaráðs.

6 Bréf frá lögmanni GME til stjórnar vegna áminningarinnar.

7 Áminning frá fyrri stjórn til GME.

8 Bréf fjögurra stjórnarmanna til stjórnar og trúnaðarráðs.

Í viðtölum komu fram fjölmargar ábendingar um að ræða við fleiri aðila til að skýra en frekar atburði eða upplifanir. Ekki var talið að það myndi hafa áhrif á þá mynd sem þegar hefur teiknast upp af málinu og því var ákveðið að gera það ekki að þessu sinni.

Í gögnum málsins, í viðtölum og í umsögnum³ um drög að þessari samantekt koma fram ásakanir um einelti eða eineltistilburði en í þessu verkefni er ekki fjallað um sekt eða sýknu hvað þær ásakanir varðar, né aðrar – enda verkefnið að leita sátta.

Einelti er alvarlegt og sá sem telur sig þolandi eineltis getur tilkynnt slík mál til þar til bærra aðila (aðgerðarteyma) sem taka þau til umfjöllunar samkvæmt reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015. Í 3. gr. (b liður) er þessi skilgreining á einelti; „Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.“

Verði tiltekin samskipti tekin til rannsóknar sem einelti kunna að verða lagðar til aðgerðir til að koma í veg fyrir samskipti meintra þolenda og meintra gerenda á meðan á rannsókn þess stendur. Þrátt fyrir ásakanir um einelti hefur undirrituðum ekki borist upplýsingar um að búið sé að tilkynna meint einelti og óska eftir rannsókn þess - og því er unnið með verkefnið á grunni sátta, eins og stjórn félagsins lagði það upp.

Staðan

Til einföldunar er hér fjallað um málið frá tveimur hliðum, þó engin vafi sé á að í einhverjum tilfellum séu fleiri hliðar á því. Því er hér talað um annars vegar hlið GME og hins vegar hlið stjórnarmanna eða starfsmanns, og er þá átt við stjórn félagsins sem sat fram að síðasta aðalfundi (26.4.2022) og að hluta þá sem situr núna. Staðan einkennist af þessum þáttum:

a. Djúpt ósætti og óvild – og vantraust

Vantraust og óvild ríkir innan félagsins. Þetta á einkum við milli GME og starfsmanns félagsins, og á milli einhverra stjórnarmanna og GME, bæði fyrrverandi og núverandi. Þegar vantraust er á báða bóga munu skynsamir hlutir hljóma illa, báðir aðilar leita að verstu mögulegu meiningu alls sem sagt eða gert er, og flest sem gerist er litið á sem sönnun þess að viðkomandi sé ekki treystandi.

Þannig verða smáatriðin aðalatriðin og stöðugt er verið að fara í óþarfa orustur. Að treysta er ákvörðun (spyrja með það í huga) og að vera traustsverður er líka ákvörðun (svara með það í huga). Báðir aðilar þurfa að hugleiða þátt sinn í lausn málsins á þessum grunni.

³ Umsagnir fengnar frá viðmælendum.

b. Ásakanir á víxl

GME segist hafa verið að spyrja spurninga um ýmis álitamál í rekstri félagsins, m.a. um greiðslur úr sameiginlegum sjóðum „langt umfram heimildir“⁴.

Stjórnarmenn segja að „kvartanir“ GME séu ómálefnalegar og einkennist af stöðugum átökum og tortryggni⁵.

Allir aðilar kvarta yfir eineltistilburðum annarra, ýmist í sinn garð eða annarra.

c. „Hvað“ réttlætir ekki „hvernig“

Sem réttkjörin stjórnarmaður hefur GME óskoraðan rétt til að ræða þau mál sem hún kýs, spyrja þeirra spurninga sem hún kýs og gera tillögur um hvaðeina sem snertir starfsemi Leiðsagnar. Það á líka við um mál sem snerta starfsfólk félagsins, kjör þess og störf. Og hún á ekki bara rétt á því, heldur er það skylda hennar að ræða samviskusamlega það sem hún þarf að ræða út frá hagsmunum Leiðsagnar.

En það er hægt að gera rétta hluti á réttan og rangan hátt. GME hefur vissulega fyrrnefndan rétt og skyldur en það er ekki sama hvernig hann er nýttur. Góð samskipti tryggja góðum málum framgang, en samskipti sem byggja á vantrausti og tortryggni munu einmitt senda þau skilaboð með samskiptunum að á bak við eðlilegar spurningar og umræður sé vantraust og tortryggni. Og við það fer sá sem er spurður, eða sá sem rætt er um, í vörn og finnst að sér vegið. Bæði starfsmaður og einhverjir stjórnarmenn virðast upplifa samskiptamáta GME á þann hátt og því er mikilvægt að breyta⁶.

d. Samlíðan óskast

Ef marka má þau samtöl sem átt hafa sér stað, og þau gögn sem hafa verið skoðuð, virðist augljóst að nokkur skortur er á samlíðan (e. Empathy) meðal aðila, þ.e. að fólk geti sett sig í spor annarra og sýnt líðan þeirra og sjónarmiðum skilning. Jafnvel þó það sé ósammála einhverju efnislega. Upphaf að lausn á mörgum samskiptavandanum byrjar oft á því að aðilar einbeita sér að því að setja sig í spor annarra, og leitast við að skilja þá áður en þeir gera kröfu um að aðrir skilji sig. Það er augljóslega eitthvað sem vinna má með í félaginu.

Tillögur

Í ljósi stöðunnar eru gerðar tillögur sem byggt geta traust og komið á skýrari ramma um hlutverk og samskipti innan stjórnar félagsins, og við aðila utan hennar.

1. Sættir með framlagi beggja

Einlægt og heiðarlegt framlag – og vilja – þarf frá báðum aðilum eigi að nást sátt og nýr flötur trausts. Nú er vantraust á báða bóga. GME treystir ekki að hún fái réttláta meðferð og að allir séu að vinna heiðarlega með það sem þeir vinna með. Stjórnin og starfsmaður treysta ekki að fyrirspurnir og ábendingar GME séu ekki duldar árásir og tortryggni.

Þetta vandamál leysist ekki af sjálfu sér frekar en nokkuð annað, og að setja á samskiptabönn er bara frestun á vanda sem þarf að leysa. Lausn getur þó falist í breyttum samskiptum eða breyttum farvegum samskipta.

⁴ Úr bréfi lögmanns GME 16.02.2023.

⁵ Úr áminningu til GME 22.06.2022.

⁶ Úr viðtölum, áminningu til GME og bréfi stjórnarmanna fjögurra stjórnarmanna til stjórnar og trúnaðarráðs þann 14.03.2023.

Lagt er til að stjórn (aðal- og varamenn), trúnaðarráð og starfsmaður Leiðsagnar ræði saman um hvernig bæta megi virkni og samstarf allra þessarra aðila. Góð leið til þess er að:

- › Útbúa samskiptasáttmála (sbr. lið nr 2).
- › Ræða hvað sé gert innan félagsins (stjórnarmenn, trúnaðarráðsmenn, starfsfólk) sem **styður við góða virkni og samstarf** annars vegar og hins vegar hvað sé gert innan félagsins sem **grefur undan góðri virkni og samstarfi**. Og ákveða svo aðgerðir til að hætta eða draga úr því sem grefur undan, og jafnvel til að gera meira af því sem styður við.

2. Sáttmáli um samskipti

Lagt er til að félagið setji sér samskiptasáttmála þar sem m.a. er kveðið á um samskipti innan stjórnar og samskipti stjórnarmanna við starfsfólk. Í slíkum sáttmála kann að vera skynsamlegt að skilgreina líka hvenær helstu tilefni er til samskipta og í hvaða farveg eðlilegast er að þau séu.

Almennt gildir það í félögum, hlutafélögum sem stéttarfélögum, að stjórnarmenn ræða málin sín á milli innan stjórnar en samskipti milli stjórnar og starfsfólks fari svo á milli formanns stjórnar og viðkomandi stjórnanda daglegs rekstrar. Hvort sú útfærsla er praktísk fyrir Leiðsögn er óljóst, en æskilegt væri að koma á einföldu og skýru fyrirkomulagi um þetta. Rétt er að allir stjórnarmenn, og eftir atvikum, starfsmaður og trúnaðarráðsmenn komi að gerð sáttmálans.

3. Skerpa á hlutverkum í stjórn

Vísbendingar eru um að skerpa megi á hlutverki hvers stjórnarmanns, skapa skýrari verkaskiptingu og skilgreina út frá því hvað fellst í hverju hlutverki. Stjórnarmenn ættu svo að ræða hvaða væntingar þeir gera til hvors annars hvað hvert hlutverk varðar.

Einn meginþáttur í skilvirkri stjórn er sálfræðilegt öryggi sem skapar rétt andrúmsloft fyrir alla til að ræða alla hluti og spyrja allra spurninga. Líka þeirra sem eru óþægilegar og óvinsælar. Í sterkustu stjórnunum er fólk með skiptar skoðanir, og jafnvel ágreining, en þar ríkir traust í garð allra um að hver og einn sé að starfa af heilindum og að umræður stjórnarmanna séu ekki persónulegar eða af annarlegum ástæðum.

Oft er skynsamlegt að leita aðstoðar utanaðkomandi sérfræðinga við vinnslu á samskiptasáttmála og til að ræða hlutverk hvers og eins í stjórn og væntingar til þeirra.

Ábendingar

Leiðsögn er lítið stéttarfélag með eitt stöðugildi í fullu starfi á skrifstofu félagsins, formann í 25% starfi og bókara í 15% starfi. Félagið byggir því að mestu á framlagi þessa eina stöðugildis á skrifstofunni, og við þær aðstæður er óheppilegt að í stjórn félagsins sé maki þess sem þar starfar. Óheppilegt en ekki óeðlilegt eða ólöglegt, en óhjákvæmilega mun stjórnin reglulega þurfa að ræða mál sem tengjast skrifstofu félagsins og þar af leiðandi starfsmanni þess, beint eða óbeint.

Þó ekkert hafi komið fram um að þessi skipan eigi þátt í þeim samskiptavanda sem uppi er, er mikilvægt að hafa í huga þær aðstæður sem geta gert þetta fyrirkomulag óheppilegt:

- › Ræða getur þurft breytingar eða frammistöðuvanda á skrifstofu sem hefur neikvæð áhrif á viðkomandi starfsmann. Við þær aðstæður er rétt að maki viðkomandi víki af fundi, en jafnvel þó það sé gert getur vinskapur annarra stjórnarmanna við makann haft þau áhrif að erfitt er að taka rétt á málum.
- › Einnig geta komið upp umræður eða spurningar sem snerta störf starfsmanns, eða árangur, án þess að það sé á dagskrá fundar að ræða það – og því án þess að maki víki. Við þær aðstæður getur tvennt gerst. Annars vegar að umræður verða ekki eðlilegar og hins vegar að við þetta skapist óvild á milli þeirra sem ræða málin og makans.

- › Til viðbótar þessu er ekki ólíklegt að maki starfsmanns segi maka sínum frá umræðum í stjórn sem starfsmaður getur upplifað sem neikvæðar, enda er trúnaður á milli maka oft mestur trúnaða.

Þetta fyrirkomulag gerir ríkari kröfu á alla stjórnarmenn, bæði makann og aðra:

- › **Makinn** þarf að gæta sérstaklega að hlutleysi sínu og hvetja aðra stjórnarmenn til að ræða málin án vangaveltna um þessar tengingar. Hann þarf jafnframt að vera vakandi yfir því hvenær hann vikur af fundi, eða fær ekki upplýsingar um mál sem munu verða til umræðu. Til viðbótar þessu, og kannski það mikilvægasta, hann þarf að gæta fyllsta trúnaðar við stjórn um þau mál sem þar eru rædd. Það sem fer í fundargerð er opinbert en rétt er að annað sem fram kemur á fundum sé trúnaðarmál – og á það ekki síst við gagnvart starfsmanni félagsins.
- › **Formaður stjórnar** þarf að huga að því andrúmslofti sem nauðsynlegt er til að heilbrigðar rökræður eigi sér stað, sem er eitt helsta einkenni virkrar stjórnar. Þar skiptir sálfræðilegt öryggi allra í stjórninni mestu máli, en þegar sálfræðilegt öryggi er til staðar líður öllum vel með að vera hreinskilin við hvort annað, leggja hvað sem er til, viðurkenna og ræða mistök eða slakan árangur – án þess að óttast neikvæð viðbrögð eða afleiðingar.
- › **Allir stjórnarmenn** mættu einbeita sér að því að sína meiri samlíðan (e. Empathy) með hvert öðru, velja orð sín vandlega og vera örlátari í samskiptum (t.d. hvað hrós varðar). Örlæti á líka við um tón í samskiptum og við túlkun á því sem sagt er, eða meiningunni á bakvið það. Séu stjórnarmenn sterkir í fyrrnefndum þáttum verður mun auðveldara fyrir alla að taka umræðu um erfið en nauðsynleg mál. Þetta er á ábyrgð hvers og eins stjórnarmanns í Leiðsögn – ásamt því auðvitað að vera sannur sjálfum sér.

Stórt hlutverk krefst samstillts teymis

Leiðsögn er lítið stéttarfélag með stórt og mikilvægt hlutverk. Stjórnarmenn þess bera á hverjum tíma ábyrgð á að grípa til aðgerða gagnvart mikilvægustu málum félagsins. Umrætt mál er klárlega eitt af þeim – og vonandi gagnast þessi samantekt við þá viðleitni.

Invis ehf.
Jón Garðar Hreiðarsson

VIÐAUKI

Dagsett atburðarrás helstu atburða.

- 03.05.2022 Tölvupóstar ganga á milli RÁ og GME vegna upptöku á aðalfundi félagsins 26.04.2022.
- 04.05.2022 Munnleg kvörtun RÁ til stjórnar vegna „hegðunar stjórnarmanns í sinn garð“.
- 15.06.2022 RÁ kvartar til stjórnar um samskipti við GME og fer fram á samskiptabann.
- 21.06.2022 Stjórn ræðir kvartanir starfsmanns og ákveður að áminna GME með tölvupósti.
- 22.06.2022 Formaður stjórnar sendir GME áminningu ásamt því að tilkynna henni samskiptabann við RÁ.
- 20.12.2022 Formaður og varaformaður stjórnar fundar með GME um áminninguna og málið í heild, þar kom fram að RÁ hafi upplifað atvik á aðalfundi 26.04.2022 sem einelti.
- 16.02.2023 Lögmaður GME sendir félagið bréf þar sem óskað er upplýsinga um forsendur áminningar og ákvörðunar um samskiptabann.
- 14.03.2023 Fjórir fyrrum stjórnarmenn félagsins senda stjórn og trúnaðarráði bréf þar sem þeir lýsa því yfir að ein helsta ástæða þess að þeir hafi gengið úr stjórn félagsins „undirróðursstarfsemi“ GEM.
- 14.03.2023 Trúnaðarráðsfundur ræðir málið og því er beint til stjórnar að hún fái utanaðkomandi aðila til að leita sátta í málinu.
- 14.04.2023 Bókun frá GME vegna trúnaðarráðsfundar (14.03.2022) þar sem hún andmælir áminningunni.
- 17.04.2023 Lögmaður GME sendir annað bréf þar sem farið er fram á að áminningin verði dregin til baka.
- 15.05.2023 Nýkjörin stjórn fellir áminninguna úr gildi og ákveður að leita sátta með fagaðila.

Dags. 04.05.2022

Mál: Kvörtun starfsmanns Leiðsagnar vegna hegðunar stjórnarmanns í sinn garð.

Erindi kom frá Ragnheiði Ármannsdóttur.


Kvörtun barst formanni og varaformanni vegna ólíðandi samskiptamáta og samskiptaörðugleika milli varamanns í stjórn (Guðný Margrét Emilsdóttir) og starfsmanns Leiðsagnar.

Reykjavík 15. júní 2022

Til þess er málið varðar.

Í framhaldi af munnlegum umkvörtunum mínum vegna ólíðandi samskiptamáta varamanns í stjórn, Guðnýjar Margrétar Emilsdóttur, vil ég staðfesta það sem hefur komið fram og þá vanlíðan sem framkoma hennar hefur valdið mér. Þess vegna óskaði ég eftir því við formann Leiðsagnar að þurfa ekki að hafa bein samskipti við hana. Auk þess vísa ég í fyrirverandi stjórn og núverandi stjórn sem vitni um óviðelgandi ummæli hennar um mig og mín störf.

Virðingarfyllst.



Ragnheiður Ármannsdóttir

Stjórnarfundur Leiðsagnar

Sérstakur fundur aðalmanna í stjórn vegna viðkvæms málefnis
21. júní 2022 kl. 17:00

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður (FR), Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður (SSS),
Valva Árnadóttir (VÁ) gjaldkeri, Harpa Björnsdóttir (HB) ritari.

Leifur Björnsson (LB) meðstjórnandi sat ekki fundinn vegna tengsla við starfsmann skrifstofu.

Málefni: Áminning til félagsmanns

Það er einróma niðurstaða fundarins að senda ákveðnum félagsmanni, sem gegnir trúnaðarstörfum fyrir félagið, áminningu vegna ómálefnalegs og langvarandi samskiptavanda og stöðugra átaka við núverandi og fyrrverandi stjórnarmenn, auk samskiptavanda í þeim ráðum og nefndum sem viðkomandi hefur átt sæti í.

En verst er þó ókurteisi og tortryggni í garð starfsmanns félagsins, sem hefur margsinnis borið sig upp við formann munnlega og skriflega, og frábiður starfsmaðurinn sér frekari samskipti við félagsmanninn. Munu þau í framtíðinni fara fram í gegnum formann.

Áminning verður send félagsmanni í tölvupósti 22.6.2022

Hæðfest fundargerð:

Fríðrik Rafnsson
Snorri Steinn Sigurðsson
Valva Árnadóttir
Harpa Björnsdóttir

Dags. 22.06.2022

Úrvinnsla:

Formaður reyndi ítrekað að boða Guðnýu Margréti (varamann í stjórn) á fund með formanni og varaformanni til þess að ræða málið, án þess að fá svar við þeirri beiðni.

Formaður vísaði málinu til stjórnar og var erindið tekið fyrir á sérstökum fundi aðalmanna að ráðleggingum lögmannna ASÍ. Leifur Björnsson vék af stjórnarfundum þegar málið var tekið fyrir vegna fjölskyldu tengsla.

Málið var álitnið alvarlegt þar sem að atvikin brjóta gegn reglugerð um einelti og áreitni á vinnustöðum, lög. Nr. 46/1980

Niðurstaða stjórnar var að veita stjórnarmanni áminningu vegna hegðunar. Formaður framkvæmdi með skriflegri áminningu.

Reykjavík, 22. júní 2022.

Kæra Guðný Margrét.

Þar sem ég og varaformaður höfum árangurslaust reynt að fá þig á fund okkar til að ræða ákveðinn samskiptavanda sem ríkt hefur, sendi ég þér í nafni stjórnar eftirfarandi erindi.*

Undanfarna mánuði og misseri hafa okkur borist ítrekaðar kvartanir um að samskipti þín við annað fólk sem sinnir trúnaðarstörfum á vegum Leiðsagnar hafi verið ómálefnaleg og að samstarf við þig einkennist af stöðugum átökum og tortryggni. Sem dæmi má nefna samskipti við fyrrum formann og varaformann, fyrrum formann Kjaranefndar félagsins, auk þess sem við sem sátum í fráfarandi stjórn og áfram í núverandi stjórn höfum ekki farið varhluta af þessum vinnubrögðum.

Verst eru þó margítrekuð atvik þar sem þú hefur reynt að ala á tortryggni garð starfsmanns Leiðsagnar, sem hefur margoft kvartað bæði munnlega og skriflega yfir framkomu þinni í sinn garð. Sem formaður, og þar af leiðandi framkvæmdastjóri Leiðsagnar, ber ég ábyrgð á að starfsmaðurinn skili sinni vinnu samkvæmt ráðningarsamningi. Ef þú hefur athugasemdir við störf hennar bið ég þig hédan í frá að hafa samband við mig. Sama gildir um önnur samskipti við hana. Ég skal koma erindum til hennar áfram.

Þú ert réttkjörin sem varamaður í stjórn og trúnaðarráð Leiðsagnar, en hefur auk þess m.a. verið treyst fyrir mikilvægri nefndarvinnu varðandi menntun leiðsögumanna og setu í Fræðslunefnd. Þú hefur margt gott fram að færa, sýnir áhuga og frumkvæði og ég þakka þér fyrir það. Málefnalegri framsetning skoðana þinna á mönnum og málefnum myndi auðvelda þér og okkur öllum starfið mjög. Framundan er mikil vinna að kjaramálum og fleiru og því skiptir miklu máli að við náum að vinna sameiginlega og sameinuð að góðum málefnum en týnum okkur ekki í átökum sem því miður eru sjaldnast málefnaleg.

Þetta þarf að breytast og vona ég að þessi áminning verði til þess að við náum að vinna betur saman að hagsmunum félagsmanna Leiðsagnar á komandi mánuðum.

Kær kveðja,
f.h. stjórnar Leiðsagnar

Friðrik Rafnsson, formaður

* Skv. einróma ákvörðun tekinni á fundi aðalmanna í stjórn sem haldinn var sérstaklega þann 21.júní 2022 vegna viðkvæms málefnis. Það skal tekið fram að Leifur Björnsson, aðalmaður í stjórn Leiðsagnar, sat hjá við afgreiðslu þessa erinds vegna tengsla sinna við starfsmann skrifstofu.

MAGNA

Leiðsögn – félag leiðsögumanna
bt. stjórnar
Stórhöfða 29
110 Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2023

Varðar: Málafni Guðnýjar Margrétar Emilsdóttur.

Til mín hefur leitað Guðný Margrét Emilsdóttir og falið mér að rita þetta erindi. Tilfnið er bréf stjórnar félagsins til hennar, dags. 22. júní 2022 sem og önnur samskipti milli hennar og stjórnar Leiðsagnar – félags leiðsögumanna. Umbj. minn gegnir trúnaðarstörfum fyrir félagið, er m.a. varamaður í stjórn félagsins og einn þriggja nefndarmanna í fræðslunefnd þess, kjörin til þessara trúnaðarstarfa af félagsmönnum.

Hinn 22. júní 2022 barst umbj. mínum bréf sem sent var í nafni og f.h. stjórnar Leiðsagnar. Í bréfinu kemur fram að mánuðina og misserin á undan hafi stjórn félagsins borist ítrekaðar kvartanir um að samskipti umbj. míns við annað fólk sem sinni trúnaðarstörfum á vegum Leiðsagnar. Samskipti hennar hafi verið ómálefnaleg og samstarf við hana einkennst af stöðugum átökum og tortryggni. Í bréfinu er gerð sú krafa að umbj. minn hafi ekki samskipti við starfsmann á skrifstofu félagsins, heldur fari samskipti við starfsmanninn gegnum stjórn félagsins. Bréfinu lýkur á þeim orðum að háttsemi umbj. míns þurfi að breytast og vonir standi til þess að "þessi áminning verði til þess að við náum að vinna betur saman að hagsmunum félagsmanna Leiðsagnar á komandi mánuðum" eins og það er orðað.

Umbj. minn kannast við að hafa haft uppi spurningar um ýmis álitamál í rekstri félagsins. Má þar nefna greiðslur úr sameiginlegum sjóðum félagsins sem umbj. minn telur langt umfram heimildir. Þetta telur hún hins vegar ekki tortryggni heldur eðlilegar spurningar sem eigi rétt á sér og að hver félagsmaður eigi rétt á upplýsingum um rekstur félagsins og málefni þess. Umbj. minn átti ekki von á því að viðbrögð stjórnar félagsins við tilraunum hennar til að fá eðlilegar og sjálfsagðar upplýsingar frá félaginu myndu leiða til þess að mál hennar yrði tekið sérstaklega fyrir í stjórn félagsins og fundið að tilraunum hennar til að nýta rétt sinn sem félagsmaður. Í ljósi þess að orðið „áminning“ kemur fyrir í niðurlagi bréfsins hefur umbj. minn sömuleiðis verið í vafa um hvort stjórn félagsins hafi með bréfinu verið að veita henni áminningu í skilningi 11. gr. laga félagsins. Hefur það valdið henni miklu hugarangri, enda eru skilyrði þess að félagsmaður sé áminntur að hann hafi brotið lög félagsins eða sidareglur þess. Áminning er jafnframt mögulega undanfari þess að félagsmaður sé sviptur réttindum fullgilda félagsmanns og því alvarlegt

MAGNA

mál. Samkvæmt ákvæðinu verður félagsmanni þó ekki veitt áminning nema málið hafi fyrst verið tekið fyrir í trúnaðarráði. Umbj. mínum er ekki kunnugt um að það hafi verið gert.

Fyrir hönd umbj. míns er farið fram á það með þessu bréfi að stjórn Leiðsagnar taki af allan um hvort stjórn félagsins hafi verið að veita henni áminningu í skilningi laga félagsins. Sé svo ekki er þess krafist að stjórn félagsins biðji hana afsökunar á orðalaginu.

Hvað varðar tilmæli til umbj. míns um að eiga ekki samskipti við starfsmann félagsins hefur þeim verið fylgt eftir að stjórninni. Umbj. minn þarf óhjákvæmilega að eiga í samskiptum við starfsmann félagsins og á fullan rétt á því. Þegar hún gerði það síðast fékk hún skriflega ofanígjöf frá formanni félagsins og fékk heldur ekki svar við erindi sínu. Að áliti umbj. míns er stjórn félagsins ekki stætt á því að hanna umbj. mínum, fullgildum félagsmanni sem gegnir trúnaðarstörfum fyrir félagið, að eiga ekki bein samskipti við starfsmann á skrifstofu félagsins. Um leið og sú krafa er gerð að þessi tilmæli í bréfi stjórnarinnar frá 22. júní 2022 verði dregin til baka er þess óskað að stjórn félagsins rökstyðji með hvaða heimild farið er fram á slíkt samskiptabann.

Loks er óskað eftir afriti af fundargerð stjórnar félagsins þar sem mál um umbj. minn komu til umfjöllunar og samþykkt var að senda framangreint bréf, dags. 22. júní 2022. Þá er óskað eftir afriti af þeim kvörtunum sem stjórn félagsins hafa borist um umbj. minn, sem vísað er til í bréfinu.

Svar óskast við fyrsta mögulega tækifæri.

Virðingarfyllt,



Gunnar Ingi Jóhannsson hrl.
MAGNA lögmennt

14. mars, 2023

Til:
Stjórnar Leiðsagnar, félags leiðsögumanna
Trúnaðarráðs Leiðsagnar

Undirrituð voru kosin til trúnaðarstarfa í stjórn Leiðsagnar til lengri eða skemmri tíma á síðast liðnum fimmtán árum. Á aðalfundi 2019 var Guðný Margrét Emilsdóttir kosin inn sem aðalmaður í stjórn og eftir það má segja að fundarhöld og öll störf stjórnar hafi þungst til muna.

Mjög fljótlega fór að bera á miklum samstarfsörðuleikum sem fólust oft í því að Guðný Margrét véfengdi fyrirætlanir og áform undirritaðra og störf þeirra að flestu eða öllu leyti. Hún beitti sér gegn fólki leynt og ljóst, oft í gegn um þriðja aðila. Má segja að um mjög sterka eineltistilburði hafi verið að ræða. Að lokum fór það svo að allir undirritaðir töldu sér ekki fært að gefa lengur kost á sér til frekari starfa fyrir félagið og gengu úr stjórn á aðalfundi 2021.

Ekki liggur nokkur vafi á að undirritaðursstarfsemi Guðnýjar Margrétar hafi vegið þar lang þungst.

Virðingarfyllt

Pétur Gauti Valgeirsson
Vilborg Anna Björnsdóttir
Þorsteinn McKinstry
Óskar Kristjánsson

Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna**Fundur trúnaðarráðs þriðjudaginn 14. mars 2023, kl. 20.00**

Staður: Skrifstofa félagsins, Stórhófa 29 + fjarfundur

Mættir: Snorri Steinn Sigurðsson (SSS) varaformaður stjórnar, Harpa Björnsdóttir (HB) ritari stjórnar, Leifur Björnsson (LB) meðstjórnandi, Hildur Bjarnason (HBJ) aðalmaður í trúnaðarráði, Kári Jónasson (KJ) aðalmaður í trúnaðarráði, Indriði H. Þorláksson (IHP) aðalmaður í trúnaðarráði, J. Birna Halldórsdóttir (JBH) aðalmaður í trúnaðarráði, Birna Imsland (BI) aðalmaður í trúnaðarráði (kom 21:05), Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ) varamaður í trúnaðarráði, Óskar Kristjánsson (ÓK) varamaður í trúnaðarráði.

Á fjarfundi: Friðrik Rafnsson (FR) formaður stjórnar, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) varamaður í stjórn, Áslaug J. Marinósdóttir (ÁJM) aðalmaður í trúnaðarráði.

Boðuð forföll: Valva Árnadóttir (VÁ) gjaldkeri stjórnar.

Fjarverandi: Gunnsteinn Ólafsson (GÓ) varamaður í stjórn, Hallfríður Þórarinsdóttir (HP) varamaður í stjórn, Pétur Gunnarsson (PG) varamaður í stjórn, Ellert Sigurðsson (ES) varamaður í trúnaðarráði, Sigurður Magnússon (SM) varamaður í trúnaðarráði, Bergsteinn Harðarson (BH) varamaður í trúnaðarráði, Guðni Gunnarsson (GG) varamaður í trúnaðarráði.

Á dagskrá:

1. Val aðila í Uppstillingarnefnd/Kjörnefnd
2. Framlenging á umboði Viðræðunefndar og Kjaranefndar
3. Málefni tveggja félagsmanna.
4. Önnur mál

Fundur settur	Formaður FR býður fundarmenn velkomna og setur fundinn. Dagskrá liggur fyrir en FR undirstríkar að á fundinum þurfi að ríkja trúnaður um ákveðin málefni sem þar verða tekin fyrir því þau séu þess eðlis. Gefur hann síðan SSS varaformanni orðið og mun hann stýra fundinum þar sem FR er á fjarfundi. SSS tekur við fundarstjórn og leggur áherslu á að venju samkvæmt séu öll málefni sem rædd séu á trúnaðarráðsfundum bundin trúnaði, þar til samþykkt fundargerð hafi verið birt, en hann vilji sérstaklega ítreka þetta þar sem á þessum fundi verði fjallað um málefni tveggja félagsmanna sem séu viðkvæms eðlis og eigi ekki erindi út fyrir fundinn.	U	Snorri Friðrik
Val aðila í Uppstillingarnefnd/Kjörnefnd	Það líður að aðalfundi, en búið er að ákveða dagsetningu hans 3. maí, og þarf að leita framboða í trúnaðarstöður. Skípa þarf 3ja manna Uppstillingarnefnd/Kjörnefnd og hefur stjórn leitað til nokkurra aðila um að taka að sér það starf. Þau sem gefa kost á sér eru Hanna C. Jónsdóttir, Jens Ruminy og Marta Helgadóttir og ber stjórn val þeirra undir Trúnaðarráð, sem samþykkir það einróma.	U Á	Snorri
Framlenging á umboði Viðræðunefndar og Kjaranefndar	Varaformaður SSS, sem jafnframt er formaður Kjaranefndar, fer yfir mikilvægi þess að reynsla tapist ekki í kjaraviðræðunum sem fara brátt á fullt til að ná góðum langtímasamningi. Viðræðunefndin sem vann að skamm-	U	Snorri

		tímasamningnum er vel samsett og samstarfið hefur gengið mjög vel. Telur SSS því æskilegast að hún starfi áfram óbreytt að langtímasamningnum og óskar eftir því að Trúnaðarráð framlengi umboð Viðræðunefndar þar til samningar hafi verið undirritaðir, og Kjaranefndar einnig þar sem hún er hluti Viðræðunefndar og því líka æskilegt að hún haldi áfram óbreytt. Er framlengt umboð samþykkt einróma, en þarf að bera undir nýtt trúnaðarráð að afloknum aðalfundi. (Kl. 21.05 kemur BI á fundinn.)	Á	
	Málefni tveggja félagsmanna	Málefni tveggja félagsmanna eru komin til kasta lögfræðinga og því þótti rétt að taka þau upp í Trúnaðarráði til upplýsingar. Fundargögnum í 2 eintökum er dreift meðal fundarmanna og undirstrikað að þetta séu viðkvæm trúnaðargögn sem ekki fari úr fundarherberginu að fundi loknum. 1. Gerð var grein fyrir og rædd umfjöllun stjórnar um mál félagsmanns vegna samskiptavanda, einkum við starfsmann skrifstofu félagsins. Mál þetta var afgreitt af stjórn Leiðsagnar með aðstoð sérfræðinga og lögfræðinga ASÍ. Áður en umræður hefjast útskýrir SSS öll gögn málsins og einnig segir hann frá nýju verklagi sem hefur verið tekið upp af núverandi stjórn varðandi afgreiðslu viðkvæmra trúnaðarmála. Þetta tiltekna mál hefur hingað til verið meðhöndlað sem slíkt viðkvæmt trúnaðarmál af stjórn til að hlífa félagsmanninum, en á því varð eðlismunur þegar erindi barst frá lögmanni félagsmannsins og taldi stjórn því rétt í stöðunni að kynna málið fyrir Trúnaðarráði. Skapast miklar umræður um málið og hafði viðkomandi félagsmaður tækifæri til að útskýra sína hlið mála. Í lok umræðna lagði IHÞ fram tillögu þess efnis að leggja til við stjórn að fá utanaðkomandi hlutlausan aðila til að leita sátta milli þeirra aðila sem meint ósætti ríkir á millum. Mun stjórn athuga hvort það sé leið sem aðilar málsins sættast á að fara. 2. Gerð var grein fyrir samskiptum stjórnar Endurmenntunarsjóðs við félagsmann sem tekið hafði að sér verkefni fyrir félagið vorið 2021 en ekki staðið við skil á því í samræmi við það sem lagt var upp með. Hefur núverandi stjórn sjóðsins margítrekað gengið á eftir skilum á verkefninu, m.a. haldið tvo sérfundum með viðkomandi félagsmanni í því skyni að fá upplýsingar um hvar verkefnið er statt, en án árangurs. Ekki hefur félagsmaðurinn heldur ljáð máls á því að skila styrknum. Hefur stjórn Endurmenntunarsjóðs því leitað til lögfræðings til aðstoðar í þessu máli. Spurt er hvort Trúnaðarráð telji að tilefni sé til almennrar áminningar vegna vanefnda félagsmannsins gagnvart Endurmenntunarsjóði og þar af leiðandi gagnvart fjárhagslegum hagsmunum sjóðsins og félagsins. Fundarmenn í Trúnaðarráði höfðu ólíkar skoðanir á þessu máli en tillaga kom fram um að leggja til við stjórn Endurmenntunarsjóðs að gera enn eina tilraun til samkomulags við viðkomandi félagsmann um skil á verkefninu, og leggja fyrir hann formlega tillögu að	U	Snorri
			U	Harpa

		Samningi um verkið sem kveði á um skyldur, skilátíma, ásættanlegt form á skilum verkefnisins o.s.frv. Þetta þarf að vera afgreitt fyrir aðalfund Leiðsagnar. Tillögu fundarins vísað til stjórnar Endurmenntunarsjóðs sem tekur endanlega ákvörðun í þessu máli.		
	Önnur mál	<p>1. SSS segir frá samstarfi um vinnustaðaeftirlit sem hann tók þátt í og fyrirhugað samstarf við stéttarfélagið Hlíf.</p> <p>2. GME spyr um hvort stofna eigi lagabreytingarnefnd, en formaður útskýrir að stjórn telji ekki þörf á sérstakri lagabreytingarnefnd í ár þar sem öll lög félagsins voru tekin til gagnerrar endurskoðunar á síðasta ári. En að sjálfsögðu verði kallað eftir tillögum frá félagsmönnum og stjórn mun einnig leggja til nokkrar lagabreytingar sem hún telur nauðsynlegar.</p> <p>3. FR minnir á að það líði að aðalfundi þann 3. maí. Samstarfið í stjórn hafi gengið vel og margt áunnist, en nú líður að lokum tveggja ára formannstímabils sem hann var kjörinn til 2021. Hann vill því hér og nú tilkynna Trúnaðarráði að hann hefur ákveðið að gefa kost á sér áfram sem formaður félagsins, einkum vegna krefjandi kjarasamningaviðræðna sem framundan eru á árinu, og þar sem hann ásamt varaformanni hafi setið í Viðræðunefnd sé honum það kappsmál að halda áfram og vinna að því að leiða þær viðræður farsælega til lykta.</p> <p>4. SAÁ tilkynnir í framhaldi af orðum FR að hann muni einnig bjóða sig fram til formanns.</p>	U	Snorri
			U	GME
			U	Friðrik
				SAÁ

Fundi slitið 22:00

Bókun við þessa fundargerð barst frá GME í tölvupósti þann 14.4.2023: „Ég undirrituð Guðný Margrét Emilsdóttir legg fram eftirfarandi bókun við fundargerð nr. 2 frá trúnaðarráðsfundi haldinn þann 14. mars 2023: Ég andmælti með öllu þeirri "áminningu" þ.e.a.s. ef um áminningu ræðir af hálfu stjórnar með vísan í tölvupóst formanns til mín þann 22. júní 2022; ég kom ekki nálægt þeirri lagabreytingu er félagsmaður (Lovísa Birgisdóttir) lagði fram á aðalfundi Leiðsagnar þann 26. apríl 2022 er varð kveikjan að erindi starfsmanns skrifstofu sent til stjórnar þann 4. maí 2022; og hefur umræddur félagsmaður (Lovísa Birgisdóttir) sent stjórn staðfestingu málinu til stuðnings; ég andmælti með öllu þeirri málsmeðferð í umræddu áminningarmáli og færði rök fyrir því að starfsmaður skrifstofu hefði haft mig fyrir rangri sök á aðalfundi Leiðsagnar þann 26. apríl 2022 þegar hún bar upp á mig að ég stæði á bak við lagabreytingartillögu félagsmanns (Lovísa Birgisdóttir) sem snerti störf starfsmanns skrifstofu og setu hans sem kjörinn fulltrúi í sjúkrasjóði. Formaður og varaformaður hafa endurtekið vísað til þessa atviks sem ástæðu, starfsmaðurinn upplifði atvikið sem "einelti", með vísan í fund undirritaðrar (GME), formanns og varaformanns haldinn þann 20. desember 2022. Þó staðfesting félagsmanns (Lovísa Birgisdóttir) liggir fyrir er ekki tekið mark á henni. Í ofanálag var andmæla minna ekki getið í fundargerð sem endurspeglar enn frekar áhugaleysið gagnvart mínum andmælarétti sem ég svo sannarlega á skv. lögum. Ég mótmæli alfarið þessari málsmeðferð af hálfu stjórnar Leiðsagnar og áminningunni, ef áminningu skyldi kalla, því sakargiftir eiga sér enga stoð í raunveruleikanum. Ég spyr mig jafnframt hver er réttur félagsmanna til góðrar málsmeðferðar? Hver voru skilyrði stjórnar til áminningar? Enn fremur tel ég að stjórn Leiðsagnar hefði átt að upplýsa báða þá félagsmenn sem voru til umræðu fyrir fund trúnaðarráðs haldinn þann 14. mars 2023.

Fundargerð staðfest:

 Friðrik Rafnsson, formaður

 Harpa Björnsdóttir, ritari

Leiðsögn – félag leiðsögumanna
bt. stjórnar
Stórhöfða 29
110 Reykjavík

Reykjavík, 17. apríl 2023

Varðar: Málefni Guðnýjar Margrétar Emilsdóttur.

Vísad er til fyrra bréfs undirritaðs f.h. Guðnýjar Margrétar Emilsdóttur, dags. 16. febrúar 2023 til stjórnar Leiðsagnar – félags leiðsögumanna. Umbj. minn gegnir trúnaðarstörfum fyrir félagið, er m.a. varamaður í stjórn þess og einn þriggja nefndarmanna í fræðslunefnd, kjörin til þessara trúnaðarstarfa af félagsmönnum. Í bréfinu var farið fram á það að stjórn Leiðsagnar tæki af allan um hvort umbj. mínum hefði verið veitt áminning í skilningi laga félagsins. Við bréfinu hafa engin viðbrögð orðið af hálfu Leiðsagnar.

Frá því framangreint bréf var sent hefur málið hins vegar skýrst að nokkru leyti. Fjallað hefur verið um málið bæði í stjórn og trúnaðarráði félagsins. Komin er fram fundargerð stjórnarfundar, dags. 21. júní 2022, þar sem bókað mun hafa verið um þá einróma niðurstöðu að „senda ákvæðnum félagsmanni, sem gegnir trúnaðarstörfum fyrir félagið, áminningu vegna ómálefnalegs og langvarandi samskiptavanda og stöðugra átaka við núverandi og fyrrverandi stjórnarmenn, auk samskiptavanda í þeim ráðum og nefndum sem viðkomandi hefur átt sæti í.“

Þó að stjórnin virðist ekki hafa haft kjark til að nafngreina í fundargerðinni þann starfsmann sem samþykkt var að áminna og því getað verið hvaða starfsmaður sem er, má þó vera ljóst að þarna hafi verið átt við umbj. minn, enda fékk hún tölvupóst frá formanni stjórnar eftir fundinn. Eins og kemur fram í fyrra bréfi undirritaðs var það bréf þó varla skilið sem veiting formlegrar áminningar. Virðist þó liggja fyrir, þótt bréfi undirritaðs hafi ekki verið svarað og engan veginn hafi verið ljóst af bréfi formanns stjórnar til umbj. míns, hinn 22. júní 2022 að um formlega áminningu hafi verið að ræða.

Í 11. gr. laga Leiðsagnar er fjallað um áminningar félagsmanna. Þar segir að reynist félagsmaður sannur að broti gegn lögum félagsins eða sidareglum skuli málið tekið fyrir í trúnaðarráði sem vísi því til stjórnar til ákvörðunar um hvort veita skuli honum áminningu eða hann jafnvel sviptur réttindum fullgilds félagsmanns. Af ákvæðinu verður ráðið að áminning geti verið undanfari sviptingar réttinda sem félagsmaður. Það eru líka almennt réttaráhrif áminninga, að þær séu undanfari frekari íþyngjandi ákvarðana sem

byggja á þeim. Af þeim gögnum og upplýsingum sem liggja fyrir í málinu má vera ljóst að sú ákvörðun stjórnar félagsins að veita umbj. mínum áminningu er verulegum annmörkum háð.

Í fyrsta lagi var málsmeðferðin ekki í samræmi við lög félagsins. Á engum tímupunkti var málið rætt í trúnaðarráði félagsins, sem samkvæmt lögum félagsins er ófrávikjanlegur undanfari þess að stjórn geti tekið ákvörðun um að veita áminningu. Málið ber fyrst að ræða í trúnaðarráði, sem hefur ákvörðunarvald um hvort því skuli vísað til stjórnar. Þar sem brotið var gegn þessu ákvæði laga félagsins er áminningin þegar af þeirri ástæðu haldin verulegum annmarka og ógild í raun.

Í öðru lagi kemur fram í 11. gr. laganna að félagsmaður verði að vera sannur að broti gegn lögum félagsins eða síðareglum til að unnt sé að veita áminningu. Ekkert liggur fyrir um að umbj. minn sé sönn að broti, hvorki gegn lögum félagsins né síðareglum. Í fundargerð stjórnar, frá 21. júní 2022, er hvergi minnst á það hvaða ákvæði laga félagsins umbj. minn á að hafa brotið gegn og ekkert minnst á síðareglur félagsins. Þess í stað er rætt um samskiptavanda, sem virðist megin orsök áminningarinnar. Styðst grundvöllur áminningarinnar því ekki við lög félagsins, þar sem áminningin stafar hvorki af sönnu broti gegn lögum félagsins né síðareglum þess.

Í þriðja lagi má heita augljóst, þótt ekki komi það sérstaklega fram í lögum félagsins, að ef til stendur að taka jafn íþyngjandi ákvörðun og að áminna starfsmann af stjórn félagsins, beri að veita viðkomandi starfsmanni andmælarétt áður en ákvörðun er tekin. Til upplýsinga er um að ræða rétt þess sem íþyngjandi ákvörðun beinist að til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum áður en ákvörðun er tekin. Sé andmælaréttur ekki virtur er íþyngjandi ákvörðun lítils virði, enda er ákvörðun þá ekki tekin að teknu tilliti til allra sjónarmiða sem kunna að vera til staðar. Umbj. minn telur að átt hefði að leyfa henni að tjá sig um fyrirhugaða ákvörðun stjórnar. Ef til vill hefði umbj. minn þá getað leiðbeint stjórn félagsins um að slíka ákvörðun væri ekki hægt að taka nema fyrst hefði verið fjallað um málið í trúnaðarráði félagsins. En ef til vill var leikurinn til þess gerður.

Með bréfi þessu er, með vísan til framangreinds, gerð sú krafa að stjórn félagsins dragi til baka áminninguna sem hún telur sig hafa samþykkt að veita á fundi sínum, hinn 21. júní 2022 og biðji jafnframt umbj. minn afsökunar á málinu, enda hefur það valdið henni miklu hugarangri.

Í fyrra bréfi var svars óskað við fyrsta mögulega tækifæri. Þar sem það hefur reynst stjórn félagsins tilefni til að taka sér rúma tvo mánuði í að svara bréfinu er með þessu bréfi óskað svars innan 10 daga frá dagsetningu þess, en að öðrum kosti er áskilinn réttur til að höfða dómsmál gegn þeim einstaklingum sem í stjórn sitja eða eftir atvikum félaginu og krefjast þess að áminningin verði ógilt, auk þess að krefjast miskabóta vegna ólögmeðtrar meingerðar.

Virðingarfyllst,

Gunnar Ingi Jóhannsson hrl.
MAGNA lögmenn